

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. maí 2017

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um smásölu áfengis. (106. mál)

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um verzlun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, á þingskjali 165, nefndarálits meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar á þingskjali 907 og breytingartillagna meirihlutans á þingskjali 908.

I. Upprifjun

Til upprifjunar skal þess getið að í fyrri umsögn sinni um málið, dags. 17. marz síðastliðinn, lýsti FA því að breytingar á frumvarpinu frá því að það var lagt fram á síðustu tveimur þingum væru til verulegra bóta. Félagið lagði sem fyrr ríka áherzlu á að frjálsri smásölu á áfengi fylgdi annars vegar afnám banns við áfengisauklýsingum og hins vegar breytt innheimta áfengisgjalds. Gáfu ákvæði frumvarpsins og greinargerð þess góðar vonir um að þetta yrði niðurstaðan. Félagið gerði að auki nokkrar athugasemdir annars efnis, m.a. um gildistökuákvæði og fleira. Félagið taldi óforsvaranlegt að Alþingi samþykkti frumvarpið án þess að bæta við það ákvæðum um breytta innheimtu áfengisgjalds.

FA hefur kynnt sér nefndarálit meirihluta nefndarinnar um frumvarpið og breytingartillögur meirihlutans, sem birtust á vef þingsins í gær. Ljóst er að miklar breytingar eru lagðar til á ákvæðum frumvarpsins, svo veigamiklar að sjálft markmið og andi frumvarpsins hefur breytzt. Félagið telur einboðið að nefndin kalli eftir nýjum umsögnum hagsmunaaðila svo Alþingi geti verið í stakk búið að greina áhrif frumvarpsins á samkeppni og samfélag áður en það tekur frumvarpið til endanlegrar afgreiðslu. Í því ljósi vill félagið strax koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

II. Innheimta áfengisgjalds

Félagið lýsir miklum vonbrigðum með að meirihluti nefndarinnar hafi ekkert mark tekið á athugasemdum þess og ábendingum varðandi innheimtu áfengisgjalds. Núverandi lagaákvæði um innheimtu áfengisgjalds eru arfur einkaréttarfyriðkomulags í áfengisverzlun og blasir við að breyta þurfi þeim ef breyta á sölufyrirkomulaginu. Í greinargerð frumvarpsins höfðu flutningsmenn (en fjórir af þeim skrifa undir meirihlutaálitið) lýst miklum skilningi á því að breyting á fyrirkomulagi smásölu áfengis, án breytingar á uppgjörstímabili áfengisgjalds, gæti haft „mjög neikvæð áhrif á sjóðstreymi og rekstrarhæfi áfengisframleiðenda og –innflytjenda,“ meðal annars vegna þess hversu há áfengisgjöld eru hér á landi.

FA lagði síðan fyrir nefndina á fundi 23. marz síðastliðinn ýtarlegar tillögur skattasviðs Deloitte um það hvernig mætti breyta ákvæðum laga um innheimtu áfengisgjalds þannig að hún yrði gerð líkari innheimtu virðisaukaskatts, til hagsbóta og hagræðis jafnt fyrir gjaldskylda aðila og innheimtumenn ríkissjóðs. Í nefndarálti meirihlutans er engin efnisleg umfjöllun um athugasemdir FA; þar kemur eingöngu fram að fjármálaráðuneytið hafi verið spurt álits og ekki sé talin ástæða til að bregðast við umræddum athugasemdum!

Þetta telur Félag atvinnurekenda algjörlega óboðleg vinnubrögð af hálfu Alþingis og minnir á að það er Alþingi sem er húsbóndi framkvæmdavaldsins en ekki öfugt.

Allir sem hafa lágmarksþekkingu á rekstri og fjármögnun fyrirtækja átta sig á að það hefur gífurlega neikvæð áhrif á sjóðstreymi og rekstrarhæfi að þurfa að greiða upp undir 80% af verði vöru í skatt áður en hún er sett í sölu, en þurfa svo að bíða í upp undir tvo mánuði eftir því að tekjurnar af sölunni skili sér, eins og mun gerast ef sömu lögmál gilda um smásölu áfengis og aðra verzlun, að óbreyttum ákvæðum um innheimtu áfengisgjalds. Smærri innflytjendur og framleiðendur yrðu settir í sérstaklega erfiða stöðu. Þá myndi breytingin auka rekstraráhættu heildsala, fari svo að smásöluverzlanir fari í þrot.

FA vill jafnframt rifja upp ábendingar sínar úr fyrri umsögn; að þessi staða getur haft neikvæðar afleiðingar fyrir samkeppni, bæði á smásölumarkaði og í heildsölu. Til að verja sig fyrir rekstraráhættu er líklegt að birgjar myndu krefja minni smásöluverzlanir um staðgreiðslu. Það hækkar svo aftur inngangsþröskuldinn á smásölumarkaði og getur styrkt til muna samkeppnisstöðu stærstu leikenda í smávöruverzlun á Íslandi. Er hún nú þegar mjög sterk í alþjóðlegu tilliti. Ennfremur liggur í augum uppi að stærri framleiðendur og heildsalar eru betur í stakk búnir en þeir minni að taka á sig þann fjármagnskostnað, versnandi sjóðstreymi og rekstraráhættu sem myndi fylgja breytingunni.

FA hvetur nefndina eindregið til að endurskoða þennan þátt málsins og ítrekar að félagið telur algjörlega óforsvaranlegt að samþykkja frumvarpið án þess að við það bætist ákvæði um breytta innheimtu áfengisgjalds. Með því væri að þarflausu verið að skaða rekstur fyrirtækja, sem veita fjölda manns atvinnu.

III. Samkeppni

FA lýsir furðu á þeirri tillögu meirihlutans að starfrækja Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins áfram, í beinni samkeppni við einkareknar sérverzlanir með áfengi. Félagið ítrekar þá afstöðu sína að ríkið eigi almennt ekki að stunda rekstur sem einkaaðilar sinna ágætlega, sízt af öllu sölu almennrar neyzluvöru. Sporin hræða í því efni; til dæmis er samkeppni Íslandspósts við einkaaðila óheilbrigð og skekkir samkeppnisstöðu.

Vandséð er, þegar einkareknar sérverzlanir með áfengi hafa verið leyfðar, eins og breytt frumvarp gerir ráð fyrir, að áframhaldandi rekstur ÁTVR hafi nokkuð með lýðheilsu eða aðgang að áfengi að gera, eins og stundum er haldið fram. Þá átelur FA að þessi breyting sé gerð á frumvarpinu án þess að nokkur athugun hafi verið

gerð á líklegum afleiðingum þess fyrir rekstur ÁTVR eða samkeppni á markaði að taka upp þetta sérkennilega fyrirkomulag.

IV. Auglýsingar

FA telur alltof mikið þrengt að auglýsingum með breytingartillögum meirihlutans, sérstaklega í ljósvakamiðlum. Banna á áfengisauglýsingar í þeim frá klukkan sjö að morgni til kl. 21 að kvöldi. Á sama tíma og fram fara útsendingar frá t.d. erlendum íþróttaviðburðum, þar sem erlendar áfengistegundir eru auglýstar stanzlaust, er innlendum framleiðendum bannað að vekja athygli á sínum vörumerkjum. Með banni við auglýsingum léttöls er þeim meira að segja gert enn erfiðara fyrir en í dag að koma vörumerkjum sínum á framfæri! Þá vakna spurningar um hvort þá verði yfirhöfuð leyfilegt að auglýsa t.d. sælgæti með sama vörumerki og notað er á áfengum drykkjum.

V. Sérverzlanir

Stærsta breytingartillaga nefndarinnar lýtur að því að frjáls sala áfengis verði ekki heimiluð eins og upphaflega var lagt upp með, heldur skuli meginreglan vera sú að einungis sé heimilt að selja áfengi í sérverzlunum með mat- og drykkjarvöru, þó með heimildum um undanþágur.

FA telur ákvæði sem lúta að sérverzlunum í meira lagi óljós. Sé hugmyndin sú að takmarka aðgengi að áfengi er þetta varla leiðin til þess, enda verður stórum matvöruverzlanakeðjum í lófa lagið að fara framhjá ákvæðum laganna með því að setja upp „sérverzlanir“ inni í stórmörkuðum. Minni verzlanir munu síður eiga þann kost, sem eykur enn á neikvæð samkeppnisleg áhrif frumvarpsins eins og það lítur út með breytingartillögum meirihlutans. Ekki er heldur gerð nein tilraun til þess að skýra betur út hvað átt sé við með sérverzlun. Vísað er í tiltekið ÍSAT-númer yfir sérverzlun með mat- og drykkjarvöru en þeirri spurningu er ósvarað með hvaða mat- og drykkjarvörum má þá selja áfengi.

Samkvæmt breytingartillögum meirihluta nefndarinnar er það ekki ófrávíkjanlegt skilyrði að áfengi verði selt í sérverzlunum en meirihlutinn leggur til að hægt verði að gefa verulegar undanþágur frá því ákvæði. FA hefur ekki gefið tími til að meta áhrif þessa ákvæðis til hlítar en spyr hvort það standist jafnræðisreglu. Það hlýtur alltaf að verða afar matskennd ákvörðun sveitarstjórnar hvort grundvöllur sé fyrir rekstri sérverzlunar með áfengi í sveitarfélagi eða hvort leyfa eigi að áfengi sé selt í almennum dagvöruverzlunum.

VI. Lokaorð

Við vinnslu nefndarinnar á frumvarpinu hefur verið komið til móts við nokkrar af minniháttar ábendingum félagsins, m.a um gildistöku, samræmi við fjölmiðlalög og um samræmi í áfengiskaupaaldri og aldri fólks sem afgreiða má áfengi í verzlunum. Hins vegar hefur á engan hátt verið komið til móts við vel rökstuddar tillögur FA um breytingu á innheimtu áfengisgjalds. Aðgerðaleysi í því efni getur haft verulega neikvæð samkeppnisáhrif.

Aðrar tillögur meirihluta nefndarinnar til breytinga á frumvarpinu eru meiriháttar. FA telur óviðunandi ef ekki á að gefa félaginu og öðrum hagsmunaaðilum eðlilegan tíma til að meta áhrif breytinganna á starfsemi


verzlunar í landinu og segja álit sitt á þeim. Með því að kalla eftir nýjum umsögnum að hæfilegum tíma liðnum gæfist þinginu betra tækifæri til að meta áhrif frumvarpsins heildstætt og taka upplýsta ákvörðun.

FA telur of margt óljóst í frumvarpinu eins og það lítur út með breytingartillögum meirihlutans og telur að að heppilegra sé að lög frá Alþingi setji atvinnurekendum skýran og sanngjarnan starfsramma. Vinna þingnefndarinnar hefur því miður ekki leitt til slíkrar niðurstöðu í þessu máli.

Félag atvinnurekenda getur því ekki mælt með samþykkt frumvarpsins eins og það lítur út með breytingartillögum meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar.

Félagið áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari upplýsingum og sjónarmiðum um málið. Þá er FA reiðubúið að koma til fundar við nefndina.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA